



1601. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
27.4 2016, kl. 11:30.

1. Fundargerð 1600. fundar

Samþykkt.

2. Formannafundur 2016

Samþykkt að halda fundinn miðvikudaginn 25. maí. Umræður um dagskránnu, stefnt að því að klára hana í næstu viku.

3. Umsögn borgarinnar um erindi ÍBR vegna Laugardalshallar

Umræður um stöðuna. Samþykkt að leita eftir viðræðum við bæði rekstraraðila Laugardalshallar og viðeigandi aðila innan íþróttahreyfingarinnar (ÍSÍ o.fl.) um hvernig má lágmarka truflanir á reglubundnu íþróttastarfi vegna tímabundinnar útleigu.

4. Stefnuátt stjórnar frá vinnufundi

Frestað til næsta fundar.

5. Erindi ÍSÍ vegna breytinga á lögum ÍBR

Lagt fram. Samþykkt að uppfæra textann í samræmi við tillögur ÍSÍ og leggja fyrir næsta þing ÍBR.

6. Erindi íshökkídeildar Ungmennafélags Kjalnesinga

Lagt fram. Haldinn verði sérstakur fundur þar sem þetta mál og málefni Skautahallarinnar almennt verða rædd.

7. Skautahöllinn

Drög að samningi lögð fram. Verður rætt á sérstökum fundi stjórnar á næstunni.

8. Erindi Íslenskra getrauna vegna greiðslna árið 2015

Lagt fram.

9. Hreyfivika UMFÍ

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt þ.e. gefa snú-snú bönd í skóla, senda hvatningu um hreyfingu á póstlista RM og leita til ÍTR um að bjóða í sund. Þórgnýr mun taka tillögunu um sundið upp á næsta stjórnarfundum ÍTR.

10. Fundaupplán stjórnar

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt fyrir utan að stefnt er að útivistardeginum 2. júní.

11. Önnur mál

- Rætt um styrki til reykviskra Ólympíufara. Þórgnýr tekur málið upp hjá ÍTR. Framkvæmdastjóra falið að skoða hvernig staðið hefur verið að slíkum styrkjum til þessa m.a. hvort ÍBR og ÍTR hafa verið með sameiginlega styrki eða aðskilda.

Fundi slitið kl. 12:30.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari